


Karl Bernburg kt. 3006902549, Efstaleiti 10, 103 Reykjavík („*Karl*“) og Margrét Sæberg Þórðardóttir kt. 0711694139, Viðarrima 13, 112 Reykjavík („*Margrét*“) (*hér eftir saman nefndir „aðilar“*), gera hér með með sér eftirfarandi

## SAMNING

1. Tilfni samnings þessa eru fyrirhuguð kaup óstofnaðs einkahlutafélags í eigu Karls á sumarhúsalóðinni L125340 í Miðdalslandi, 271 Mosfellsbæ („*Lóð Karls*“).
  - a. Karl hyggur á framkvæmdir á Lóðinni og fyrirséð er að vegurinn að henni mun þurfa að liggja í gegnum sumarhúsalóðina L125323 í Miðdalslandi, 271 Mosfellsbæ („*Lóð Margrétar*“).
  - b. Aðilar vilja með samningi þessum staðfesta með formlegum hætti það samkomulag sem á milli þeirra hefur tekist um áætlaðar framkvæmdir Karls og nánar tilgreinda afnotarétti aðila.
  - c. Til nánari skýringar verður í samningi þessum, eftir atvikum, að leggja til grundvallar að tilvísanir í Karl og Margréti eigi jafnt við um tilvísanir í þriðju (3) aðila sem eru tengdir samningsaðilum og einnig framtíðar eigendum á lóðum þeirra.
  - d. Aðilar eru sammála um að hvor um sig skuli framfylgja þeim skyldum sem af samningi þessum leiðir.
    - i. Margrét skal láta viðurkenna og þinglýsa neðangreindum kvöðum og afnotaréttum Karls á Lóð Margrétar.
    - ii. Karl skal fullklára neðangreindar framkvæmdir innan 3 ára frá dagsetningu kaupsamnings að Lóð Karls.
2. Aðilar eru sammála um eftirfarandi:
  - 2.1 Aðilar eru sammála um að láta þinglýsa kvöð á Lóð Margrétar um að Karl megi, á sinn kostnað, leggja og nota veg sem mun liggja frá Hafravatnsvegi í gegnum Lóð Margrétar og að Lóð Karls.
    - 2.1.1 Ofangreindur vegur mun vera lagður í samræmi við nánari útfærslu á teikningu sem sjá má í viðhengi A við samning þennan.
    - 2.1.2 Aðilar eru sammála um að vegurinn sé sameign þeirra og verði nýttur af báðum aðilum þó hann sé í upphafi lagður á kostnað Karls.
  - 2.2 Aðilar eru sammála um að láta þinglýsa kvöð á Lóð Margrétar um að Karl megi, á sinn kostnað, leggja lagnaleið fyrir 4 hús í gegnum Lóð Margrétar og að Lóð Karls.
    - 2.2.1 Ofangreind lagnaleið mun vera lögð í samræmi við nánari útfærslu á teikningu sem sjá má í viðhengi A við samning þennan.
    - 2.2.2 Aðilar eru sammála um að lagnaleiðin sé sameign þeirra og verði nýtt af báðum aðilum þó hún sé í upphafi lögð á kostnað Karls.
  - 2.3 Aðilar eru sammála um Karl skuli, á sinn kostnað, setja upp hlið við enda ofangreinds vegar sem liggur að Hafravatnsvegi.

Wm



- 2.3.1 Ofangreint hlið mun vera í samræmi við nánari útfærslu á myndum sem sjá má í viðhengi A við samning þennan.
- 2.3.2 Aðilar eru sammála um að hliðið sé sameign þeirra og verði nýtt af báðum aðilum þó það sé í upphafi sett upp á kostnað Karls.
- 2.4 Aðilar eru sammála um að láta þinglýsa kvöð á Lóð Karls um aðgengi Margrétar að kaldavatnslögn, sem fyrirhugað er að útbúa á Lóð Karls, fyrir 4 hús á Lóð Margrétar.
- 2.4.1 Aðilar eru sammála um að Margrét megi, á sinn kostnað, leggja lagnir frá lóð sinni og í gegnum Lóð Karls til þess að tengjast kaldavatnslögninni.
- 2.4.2 Aðilar eru sammála um að Margrét skuli ekki greiða neitt stofngjald fyrir ofangreint.
- 2.4.3 Ofangreint mun vera útfært í samræmi við mynd sem sjá má í viðhengi A við samning þennan
3. Aðilar eru sammála um að tryggja að samkomulag þetta haldi gildi sínu þrátt fyrir að samþykkt á deiliskipulagi á Lóð Karls og Lóð Margrétar muni kveða á um skiptingu á þeim í nánar tilgreinda sérhluta.
- a. Aðilar eru þannig sammála um að láta, án tafar, þinglýsa ofangreindum kvöðum og réttindum á viðeigandi sérhluta ef til þess kemur.
4. Samningur þessi er gerður í góðri trú beggja aðila.
5. Engar breytingar verða gerðar á samningi þessum nema með skriflegum hætti og samþykki beggja Samningsaðila.
6. Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og skal hvor Samningsaðili halda einu eintaki.

Öllu framanrituðu til staðfestingar rita aðilar nöfn sín undir samning þennan.

Reykjavík, 21. nóvember 2022

*Karl Bernburg*

Karl Bernburg  
kt. 3006902549.

*Margrét Sæberg Þórðardóttir*

Margrét Sæberg Þórðardóttir  
kt. 0711694139.

Vottar að rétttri dagsetningu og undirritun:

*Gertur Guðmundsson*  
*Marta Inga Jónsdóttir*

Viðhengi A.

- 3 Símahlið merkt með grænu striki við aðkomu frá Hafravatsnsvegi.
- 4 Lagnaleið merkt með rauðu striki.
- 5 Lagfæring á eldri vegi, aðkomu, lagning á nýjum vegi og 50m aðkomu til suðurs merkt með grænum x-um.



KB

